

Uppbyggingasamningur

Ísafjarðarbær, kt. 540596- 2639 og Golfklúbb Ísafjarðar (Hér eftir „GÍ“), kt. 500981-0169, gera með sér svofelldan samning uppbyggingu á aðstöðu fyrir golfíþróttina á golfvelli í Tungudal á árinu 2017.

1. gr.

Aðilar eru sammála um að GÍ vinni að framkvæmdum við uppbyggingu golfvallarins í Tungudal. Þær framkvæmdir sem falla undir þennan uppbyggingasamning eru eftirfarandi:

- Búa til glompu á braut 3.
- Smíða nýja brú fyrir vélar yfir Tunguá á braut 4.
- Loka skurði fyrir framan rauða teiginn á braut 4.
- Loka skurði við göngustíg á braut 7.
- Móta braut 8.
- Búa til nýjan gulan teig á braut 9.
- Lagfæra bleytusvæði á braut 9.
- Setja 2 glompur fyrir aftan flötina á braut 9.
- Kaup á húsnæði við Mávagarði og standsetning.

Heildarkostnaður kr. 20.319.400 af þeirri upphæð er efniskostnaður og búnaður kr. 16.558.400.

2. gr.

GÍ sjái til þess að allt umhverfi sé ávallt til fyrirmyndar meðan á framkvæmdum stendur og eftir að þeim líkur. GÍ ber ábyrgð á að afla tilskilinna leyfa fyrir framkvæmdum skv. þessum samningi.

3. gr.

Ísafjarðarbær greiðir sem framlag til framkvæmdanna kr. 3.000.000,- ári 2017. GÍ skal senda Ísafjarðarbæ tvo reikninga vegna framlagsins. Sá fyrri skal nema 70% fjárhæðar framlagsins eða kr. 2.100.000,- og skal greiddur í síðasta lagi 1. maí. Sá síðari skal nema 30% fjárhæðar framlagsins eða kr. 900.000,-, sem greiddur verður eftir úttekt við verklok. Verklok skulu vera tilkynnt í síðasta lagi 1. desember 2017 með lokaskýrslu og sundurliðuðu yfirliti um kostnað og afriti reikninga. Þegar fulltrúi Ísafjarðarbæjar hefur staðfest verklok og að framlag GÍ til verkefnisins sé fullnægjandi verður greiðslan afhent.

Ef framkvæmdir skv. 1. gr. samnings þessa hefjast ekki verða þær greiðslur sem inntar hafa verið af hendi vegna samnings þessa afturkræfar. Berist Ísafjarðarbæ ekki tilkynning um verklok, ásamt umbeðnum gögnum, skv. 1. mgr. 3. gr. samnings þessa fellur samningur þessi úr gildi og þær greiðslur sem inntar hafa verið af hendi vegna samnings þessa verða afturkræfar.

4. gr.

Umhverfis- og eignasvið Ísafjarðarbæjar hefur eftirlit með verkinu og sjá um samskipti fyrir hönd Ísafjarðarbæjar. Brynjar Þór Jónasson, sviðstjóri umhverfis- og eignasviðs, er í forsvari fyrir sviðið. Sviðstjóri hefur eftirlit með að umgengni sé ásættanleg og að verkefninu sé eðlilega sinnt. Forsvarsmaður GÍ vegna samnings þessa er Kristinn Þórir Kristjánsson og ber forsvarsmaður ábyrgð á framkvæmdum við uppbyggingu gagnvart Ísafjarðarbæ.

5. gr.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða á Ísafirði. Samningur þessi er í tvíriti og undirritaður í votta viðurvist.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, eitt handa hvorum samningsaðila.

Ísafirði, ____ mars 2017

F.h. Ísafjarðarbæjar

F.h. Golfklúbbs Ísafjarðar

Gísli Halldór Halldórsson

Kristinn Þórir Kristjánsson

Vottar að rétttri dagsetningu og undirritun.

